Fundur Soroptimistaklúbbs Seltjarnarness
9.5. 2022 kl. 17-19:30 í Hólavallagarði við Suðurgötu

DAGSKRÁ

1. Leiðsögn um Hólavallagarð
   Stefán Eiríksson útvarpsstjóri leiddi göngu um kirkjugarðinn og miðlaði af fróðleik sínum um garðinn og fólkið sem hvílir í honum, gróðurfar og byggingar í næsta nágrenni við hann. Sólveig færði Stefáni konfektkassa frá systrum í þakklætisskyni í lokin.
   Að göngu lokinni var boðið uppá heitt kakó með rjóma, ávaxtasafa, flatkökur með hangikjöti, kleinur og konfekt.

2. Landssambandsfundurinn
   Björk Hreinsdóttir fyrrv. formaður sagði stuttlega frá Landsambandsfundinum sem haldinn var á Ólafsvík 23. apríl síðastliðinn – Sjá póst Bjarkar frá 11. maí um fundinn.

3. Styrkhugmyndir
   Sólveig formaður staðfesti að klúbburinn hefði samþykkt að veita LÍF-styrktarfélagi styrk til kaupa á Ambulance fyrir meðgönguvernd og bráðaþjónustu kvennadeildar Landspítalans að upphæð kr. 572.000 án vsk.*
   Formanni LÍF, Ingrid Kuhlman hefur verið tilkynnt um væntanlegan styrk.

4. Árlegt gólfmót klúbbsins
   Gólfmótið mun verða haldið fimmtudaginn 18. ágúst n.k. á Nesvelli.
   Ágóði mótsins mun renna til LÍFs-styrktarfélags.*
   Staðlað bréf vegna vinningasöfnunar mun verða sent til systra í byrjun júní.

5. Norrænir vinadagar
   Norrænir vinadagar verða haldnir í Kalmar í Svíþjóð dagana 23.-.25. september n.k.
   Sólveig formaður hvatti systur sem hafa hug á að fara að tengjast innbyrgðis.
   Skráning á vinadagana þarf að gera fyrir 25. maí n.k. :
   https://www.soroptimistsweden.se/wp-content/uploads/2022/04/Registration-form-NSM2022.pdf

   Sjá nánar um vinadagana hér: https://www.soroptimistsweden.se/nordiska-motet-i-kalmar-2022/

Ritari	Formaður
Svanfríður Franklínsdóttir	Sólveig Pálsdóttir
ritaði eftir frásögn Sólveigar	